

KJARATÖLFRAEÐI

Vorskýrsla 2023



KJARATÖLFRÆÐI

Vorskýrsla 2023

Kjaratölfræðinefnd

Nefndarmenn:

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

formaður

Heiður Margrét Björnsdóttir

BSRB

Helgi Aðalsteinsson

Samband íslenskra sveitarfélaga

Henný Hinz

forsætisráðuneyti

Hildur Erna Sigurðardóttir

Hagstofa Íslands

Oddur S. Jakobsson

Kennarasamband Íslands

Ólafur Garðar Halldórsson

Samtök atvinnulífsins

Stefanía Sigríður Bjarnadóttir

fjármála- og efnahagsráðuneyti

Svanhvít Yrsa Árnadóttir

félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Vilhjálmur Hilmarsson

Bandalag háskólamanna

Pórir Gunnarsson

Alþýðusamband Íslands

Vinna við skýrslu:

Ágúst Arnórsson

Starfsmaður Kjaratölfræðinefndar

Arnaldur Sölvi Kristjánsson

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Efnahagsmál	6
1.1. Þróun landsframleiðslu á samningstímabilinu	6
1.2 Verðlag.....	8
1.3 Vinnumarkaður.....	12
1.4 Fjárhagsstaða heimila.....	14
1.5 Afkoma hins opinbera	17
1.6 Atvinnugreinar og samkeppnishæfni.....	18
2 Umgjörð kjarasamninga á Íslandi	23
2.1 Íslenskur vinnumarkaður.....	23
2.2 Heildarsamtök á vinnumarkaði.....	24
2.3 Kjarasamningar helstu fulltrúa atvinnurekenda.....	27
2.4. Undirbúningur næstu lotu kjarasamninga	31
3 Laun og launaþróun.....	34
3.1. Launaþróun eftir geirum.....	35
3.2. Kaupmáttur launa.....	36
3.3. Vægi markaða og heildarsamtaka	37
3.4. Launaþróun eftir geirum og heildarsamtökum.....	38
3.5. Launastig fullvinnandi eftir geirum og heildarsamtökum.....	40
3.6. Samsetning launa fullvinnandi eftir geirum og heildarsamtökum.....	42
4 Laun eftir heildarsamtökum.....	45
4.1. ASÍ.....	45
4.2. BHM	48
4.3. BSRB	50
4.3. KÍ.....	54
5 Laun karla og kvenna	54
5.1. Þróun grunntímakaups og áhrif vinnutímabreytinga hjá konum og körlum ...	54
5.2. Laun karla og kvenna 2022	57
Viðauki I: Gögn um laun og launaþróun	75
Viðauki II:Skilgreining helstu launa- og tekjuhugtaka.....	77

Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamninggerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá forsætisráðuneyti, félags- og vinnumálamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga.

Þessi skýrsla er sjötta skýrsla nefndarinnar og markmið hennar eins og fyrri skýrslna nefndarinnar er að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Nefndin fjallar um gögn sem liggja til grundvallar kjarasamningagerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnumarkaði. Nefndin tekur engan beinan þátt í kjarasamningum og breytir ekki hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa.

Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti. Það sem er óvenjulegt við þessa skýrslu er að í launavísitölu janúarmánaðar, sem fjallað er um í þessari skýrslu, var búið að semja við flest félög á almennum vinnumarkaði og hækkanir komnar til framkvæmda þar. Samningar á opinberum markaði voru hins vegar ekki lausir fyrr en um mánaðamótin mars–apríl og því hafa litlar breytingar orðið á launum á opinberum vinnumarkaði frá síðustu skýrslu. Eins og áður skiptist skýrslan í fjóra meginkafla sem fjalla um kjarasamninga gerða í yfirstandandi kjaralotu, efnahagsmál, launaþróun og launastig sem flokkað er eftir heildarsamtökum launafólks og atvinnurekendum og kafla um samanburð á launum karla og kvenna. Í umfjölluninni er áherslan að mestu leyti á nýliðna kjaralotu en einnig að nokkru leyti á upphaf nýrrar kjaralotu á almennum markaði.

Kjaratölfræðinefnd vinnur náið með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað mjög gott samstarf við undirbúning skýrslunnar. Einnig fær Kristín Jóna Þorsteinsdóttir þakkir fyrir vinnu við umbrot hennar.